

Blábanki – Sjálfseignarstofnun @ Landsbankinn Þingeyri

Verkefnaáætlun

Þátttakendur

Þórdís Sif Sigurðardóttir (Ísafjarðarbær), Sævar Þór Ríkarðsson (Landsbankinn), Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir (NMI), Wouter Van Hoeymissen (Simbahöllinn), Alain De Cat (Vestinvest),



Markmið og aðferðir

Markmið verkefnisins er að koma á fót atvinnu- og þekkingarsetri á Þingeyri, í anda álíkra verkefna eins og Impact Hug og Toppstöðvarinnar. Nafn verkefnisins er dregið af lit Landsbankahússins í miðbæ Þingeyrar þar sem setrið verður til húsa. Blái liturinn er jafnframt tilvísun í bláa hagkerfið

Árið 2020 verður Þingeyri orðinn miðpunktur Vestfjarða m.t.t. samgangna þegar Dýrafjarðargöng verða tekin í notkun. Aðstandendur verkefnisins telja nauðsynlegt að nota tækifærið og hjálpa til við að gera þorpið að þjónustumiðstöð þar sem ýmis atvinnustarfsemi, ferðamannaiðnaður, menning og mannlíf geta stutt hvert við annað. Verkefnið fellur inní víðari framtíðarsýn sem útskýrð er betur í viðauka.

Aðstandendur munu leitast við að laða að þjónustu sem nýtast mun bæði nærsamfélagi og gestum. Félagið verður ekki rekið út frá hagnaðarsjónarmiði, heldur verður eingöngu leitast við að ná tekjum inn fyrir kostnaði. Skref sem tekin verða til að lækka rekstrarkostnað verða til þess að gjald fyrir þjónustuna mun lækka.

Aðstaða sem stefnt er að

- Hlýlegt og notalegt rými með góðri nettengingu og kaffiaðstöðu
- Nútímaleg fundaraðstaða með fjarfundabúnaði
- Skrifborð – sum hver með tölvum og prenturum
- Síðast en ekki síst, umsjónarmaður sem sér til þess að þeir sem nýti aðstöðuna hafi það sem þeir þarfnast

Landsbankabyggingin á Þingeyri hefur verið valin undir þessa aðstöðu og hafa kaup á húsnæðinu verið tekin með í útreikninga vegna verkefnisins.

Svæðið á að vera sveigjanlegt í notkun, en ekki endilega þannig að hver og einn eigi sitt skrifborð. Það verður auðvelt að breyta því og verður skrifborðum úthlutað eftir verkefnum líðandi stundar. Þeir sem eru með fasta starfsstöð á svæðinu geta geymt gögn sín í læstum hirslum.

Starfsemi

Margskyns starfsemi verður í húsinu:

Þjónusta við viðskiptavinum: Rýmið verður nýtt til viðskipta og þjónustu s.s. banka- og pósthjónustu.

Verkefni: Námskeið og fræðsla í ákveðnum greinum t.d. tölvum, eða fyrir markhópa t.d. leikjanámskeið fyrir börn.

Skrifstofur: Skrifborð eða fundarherbergi verða leigð út í tiltekinn tíma (venjulega í einn dag, viku eða jafnvel lengur).

Viðburðir: Tækifæri til að hittast, læra hvert af öðru og stofna til samstarfs (t.d. listamannabúða, skapandi námskeiða o.s.frv.).

Bókasafn 2020: Nútíma útgáfa af bókasafni; þekkingarmiðlun, bókalán frá hefðbundnu bókasafni, aðstaða og meðhjálpi í tölvum.

Móttaka sveitarfélags: Móttaka erinda fyrir Ísafjarðarbæ.

Útibú frá FabLab á Ísafirði.

Athygli er vakin á því að rýminu er ekki ætlað að hýsa veitingarstaði, gistirými eða matvælaverslun.

Sem stjórnarmaður Hverfisráðs á Þingeyri hefur Wouter van Hoeymissen tekið viðtöl við íbúa þar sem eftirfarandi kom fram:

- Mikilvægt er að missa ekki bankaútibúið úr bænum
- Halda þarf í áþreifanlega og staðbundna þjónustu á Þingeyri
- Aðstoð við aðgengi að netbundnum ferlum
- Afþreying fyrir börn eftir skóla (byrjar kl 13.30 hjá sumum hverjum)
- Formleg fundaraðstaða
- Yfirlit yfir alla þá viðburði og afþreyingu sem er í boði í bænum

Sköpunarþorpið Þingeyri, a maker village

- **Sköpunarþorpið Þingeyri** er framtíðarsýn sem við viljum innleiða með því að setja upp sjálfsætt FabLab í Blábanka.¹
- Nýsköpunarmiðstöð styður hugmyndina um sjálfstætt FabLab í Blábanka. Þórarinn Gunnarsson mun hjálpa til við að skilgreina verkefnið fyrri hluta

¹ Meira um sköpunarmenningu má finna á eftirfarandi Wikipedia-síðu:

https://en.wikipedia.org/wiki/Maker_culture

ársins 2017. Blábanki er að leita að starfsmanni til 3ja mánaða til að leiða verkefnið.

- Samstarf milli FabLab og Vélsmiðjunnar á Þingeyri gefur tækifæri til samtvinnunar tveggja ólíkra hluta framleiðslu; vélbúnaðar og hugbúnaðar.

Væntanlegur ávinningur

Staður þar sem fólk hittist, vinnur saman, framleiðir, öðlast þekkingu, færni, lærir og sakapar. Er svæði þar sem einstaklingar og samtök geta stuðlað að betra samfélagi og meiri þátttöku fólks.

Hægt er að mæla ávinning með:

- Fjöldi gesta
- Fjöldi viðskiptavina
- Fjöldi funda
- Fjöldi námskeiða, fyrirlestra eða annarra viðburða
- Gæti til lengri tíma stuðlað að fleiri staðbundnum verkefnum
- Gæti aukið nýsköpun
- Ný þjónusta innan samfélagsins
- Ef samstarfsverkefni skapast
- Þetta er umbreyting Þingeyri til nútímans
- Fjöldi utan aðkomandi aðila sem koma til að vinna í Blábankanum með einhverjum hætti.

Costs

NAME	2017	2018	2019	2020	2021	Description
Salary Manager 1	ISK 2 500 000	ISK 2 500 000	ISK 2 500 000	ISK 2 500 000	ISK 2 500 000	1/2 time
Salary Manager 2	ISK 1 500 000	ISK 2 000 000	ISK 2 500 000	ISK 2 500 000	ISK 2 500 000	Icelandic employee or intern - 1/2 time - combined with creative activity during other 1/2 time
Operation and Maintenance Building	ISK 600 000	ISK 600 000	ISK 600 000	ISK 600 000	ISK 600 000	Maintenance contract 500 kISK - Cleaning - Garden
Supplies	ISK 500 000	ISK 550 000	ISK 600 000	ISK 650 000	ISK 700 000	Coffe and tea - stationaries
Operating expenses	ISK 1 000 000	ISK 1 200 000	ISK 1 350 000	ISK 1 500 000	ISK 1 500 000	Includes internet
Marketing - web site	ISK 500 000	ISK 500 000	ISK 500 000	ISK 500 000	ISK 500 000	
Accounting & Legal	ISK 1 000 000	ISK 500 000	ISK 500 000	ISK 500 000	ISK 500 000	
Rent	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	
Fablab support	ISK 100 000	ISK 250 000	ISK 350 000	ISK 450 000	ISK 550 000	from Isafj
Additional staff			ISK 1 500 000	ISK 1 500 000	ISK 1 500 000	support for additional activities
Total	ISK 7 700 000	ISK 8 100 000	ISK 10 400 000	ISK 10 700 000	ISK 10 850 000	

Investments

NAME	2017	2018	2019	2020	2021	Description
Purchase building						After year 5 of operation - Option to Blue Bank given by LB
Building transformations	ISK 2 000 000					Amort: 10 years
ICT	ISK 1 000 000	ISK 250 000	ISK 250 000	ISK 250 000	ISK 250 000	Computers, printers, screens, Webcams, audio - Amort: 5 years
Furniture	ISK 1 000 000	ISK 150 000	ISK 150 000	ISK 150 000	ISK 150 000	Ind kitchen equipment - amort 10 years
FabLab	ISK 1 000 000	ISK 250 000	ISK 250 000	ISK 250 000	ISK 250 000	Computers, scanner, SW licences, ...
Amortization (approx)	ISK 700 000	ISK 700 000	ISK 700 000	ISK 700 000	ISK 700 000	

Revenues

NAME	2017	2018	2019	2020	2021	Description
Landsbankinn	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	No service fee for limited bank activity - only cost reimbursement
Social contract	ISK 3 200 000	ISK 3 200 000	ISK 3 200 000	ISK 0	ISK 0	first 3 years: Raðuneyti)
Post	ISK 200 000	ISK 200 000	ISK 200 000	ISK 200 000	ISK 200 000	Package collection from partner companies in Isafj)
Parcel collection	ISK 200 000	ISK 300 000	ISK 400 000	ISK 500 000	ISK 600 000	as eCommerce increases
Additional services to Isafjarðarþétt	ISK 500 000	ISK 500 000	ISK 500 000	ISK 2 500 000	ISK 2 500 000	Scope Social contract beyond Raðuneyti)
Meeting room - others	ISK 200 000	ISK 200 000	ISK 200 000	ISK 200 000	ISK 200 000	ISK 2500 per meeting
Printing services	ISK 150 000	ISK 200 000	ISK 250 000	ISK 300 000	ISK 300 000	10 kISK for 30 hours/month - 20 kISK for 100 hours/month
Desk - working space	ISK 600 000	ISK 1 200 000	ISK 1 800 000	ISK 2 400 000	ISK 2 400 000	for companies, locals and visitors
Creative retreat companies	ISK 1 000 000	ISK 2 000 000	ISK 3 000 000	ISK 4 000 000	ISK 4 000 000	1 week @ 1000 kISK
After school activities	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	Included in Social contract
FabLab community	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	Included in Social contract
Library	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	Included in Social contract - reading and renting actual books
Computer support	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	ISK 0	Included in Social contract = eCommerce, eAdministration, ...
FabLab retreats	ISK 500 000	ISK 1 000 000	ISK 1 500 000	ISK 2 000 000	ISK 2 000 000	1 week @ 500 kISK
Westfords residency	ISK 500 000	ISK 1 000 000	ISK 1 500 000	ISK 2 000 000	ISK 2 000 000	1 week @ 500 kISK
TOTAL	ISK 7 050 000	ISK 9 800 000	ISK 12 550 000	ISK 14 100 000	ISK 14 200 000	

EBIT

NAME	2017	2018	2019	2020	2021	Description
TOTAL	-ISK 1 350 000	ISK 1 000 000	ISK 1 450 000	ISK 2 700 000	ISK 2 650 000	

Cash

NAME	2017	2018	2019	2020	2021	Description
Equity	ISK 10 000 000					60% private - 40% public (Raðuneyti)
Cash in	ISK 7 050 000	ISK 9 800 000	ISK 12 550 000	ISK 14 100 000	ISK 14 200 000	
Cash out	ISK 12 700 000	ISK 8 750 000	ISK 11 050 000	ISK 11 350 000	ISK 11 500 000	
Cash balance	ISK 4 350 000	ISK 5 400 000	ISK 6 900 000	ISK 9 650 000	ISK 12 350 000	

Áhrif sem búast má við

Hittast. Funda. Framleiða. Læra. Tengjast. Skapa. Vera hreiður fyrir einstaklinga og félagssamtök sem vilja stuðla að bættem heimi með því að byrja á því að bæta nærumhverfið.

Dæmi um mælanleg markmið:

- Gestir
- Viðskiptavinir
- Fundir
- Námskeið
- Paulsetnir gestir sem leggja sitt af mörkum
- Ný þjónusta veitt og sinnt af og til íbúa
- Samstarf sem býður upp á:
 - nútímavæðingu Þingeyrar
 - nýsköpun í ferðamannaíðnaði á Þingeyri

Staðan í dag

- Verkefnishópur hefur verið stofnaður
- Fyrsta umræða hefur verið tekin við hagsmunaaðila
- Verkefnið hefur verið skilgreint

Næstu skref

- Vinna verður að nánari kostnaðaráætlun og skilgreiningu verkefna
- Blábankahugtakið verður betur felld að framtíðarsýn fyrir Þingeyri eins og hún hefur verið unnin af „Ítalska“ hópnum.
- Vinna þarf að starfslýsingu fyrir íslenska framkvæmdastjórnann.
- Lokadrög að verkefnalýsingu verða gerð tilbúin til kynningar á sýningunni „Þingeyri 2020“.

Viðaukar sem þarf að klára

- Starfsferilskrá og metnaður Isobel Grad
- Framtíðarsýnin Þingeyri 2020 – Ítalska verkefnið
- Gistihúsahugtakið
- Breytingar á húsnæði